

Hvaða möguleika við höfum til að ná fram hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins. Ég hef miklar áhyggjur af fjármálum sveitarfélagsins. Tek nærri mér hvernig ástandið er. 90 mkr yfirdráttur.

Eftirfarandi tillögur voru lagðar fram af sveitarstjóra á sveitarstjórnarfundi 1 júlí sl. Rétt áður en hann fór í leyfi.

1. Lagt er til að staða forstöðumanns þjónustustöðvar verði lögð niður og farnar verði aðrar leiðir í þeim verkefnum sem hann hefur gegnt. **Þessi tillaga hefur verið framkvæmd**
2. Ritari á skrifstofu sveitarfélagsins mun láta af störfum í haust vegna aldurs. Auglýst hefur verið 50% staða í stað 100%. Leitað verður leiða til að komast af með það. **Þessi tillaga hefur verið framkvæmd**
3. Sú staðreynd blasir við að rekstrarkostnaður á nemanda er mjög hár í grunnskóla. Í samanburði við aðra grunnskóla. Leitað verði allra leiða með stjórnendum skóla og leikskóla til að ná þeim kostnaði niður. Verði þar rýnt í alla kostnaðarliði. **Við höfum ekki náð neinu fram í þessu máli. Það þarf að koma eitthvað róttækt til þarna. Fækka stöðugildum helst**
4. Kostnaður á barn í leikskóla Skeiða- og Gnúpverjahrepps er hár sé miðað við aðra leikskóla af sambærilegri stærð. Leitað verður leiða til að ná þeim kostnaði niður og verðu rýnt í alla kostnaðarliði. **Við höfum ekki náð neinu fram í þessu máli tillaga sveitarstjóra um leikskólajöld hefur verið felld. Eitthvað róttækt þarf að koma til fækka stöðugildum.**
5. Að mati sveitarstjóra er ekki ástæða lengur til að reka bókasafn í sveitarfélaginu. Notkun þess er lítil og auðvelt að sækja slíka þjónustu á Selfoss. Tæplega getur talist réttlætjanlegt að reka það veglega hús sem hýsir bókasafnið og félag eldri borgara undir þá starfsemi eingöngu. Sveitarstjóri leggur til að það verði selt ef kaupandi finnst. Nóg er af öðru húsnæði í eigu sveitarfélagsins sem getur rúmað starfsemi eldri borgara. **Þessi tillaga er í vinnslu**
6. Ef reka á Skeiðalaug áfram er óhjákvæmilegt að leggja í mikinn viðhaldskostnað. Samkvæmt úttekt verkfræðinga verður kostnaður við slíkar endurbætur varla lægri en 60-70 milljónir króna. Varla er raunhæft að sveitarstjórn samþykki slík fjárútlát. Margt finnst mér mæla með því að tekin verði ákvörðun um að hætta að reka sundlaugina frá og með næsta hausti. **Þessari tillögu var í raun vísað frá með því að gert var ráð fyrir áframhaldandi rekstri í fjárhagsáætlun. Mér finnst tilefni til að málið verði skoðuð betur.**
7. Þjónustusamningar verði teknir til skoðunar, með lækkun kostnaðar í huga. Þar geta komið til verðkannanir eða útboð. **Við höfum ekki náð neinu fram í þessu máli.**
8. Sorppjónusta verði skoðuð sérstaklega. Samningur um sorppjónustu rennur út í nóvember n.k. Hugað verði að sameiginlegu útboði með nágrennasveitarfélögum. **Þessi mál eru í vinnslu. Ég velti fyrir mér hvort við ættum ekki að leggja aftur til hækkun sorppjónustugjalda. Ég sé ekki annað en það hafi verið mistök að hækka ekki sorppjónustugjöldin mun meira en við gerðum. Sjá viðhengi.**
9. Sveitarstjóri samþykkir að laun hans verði lækkuð sem nemur 1.600.000 kr. á ári. Taki sú lækkun gildi frá og með 1. ágúst næstkomandi. **Þessi tillaga hefur ekki verið rædd fomlega neitt meira.**